

# Sjókayakar 2014

## Keppnir til Íslandsmeistaratitils

Í upphafi árs var ákveðið að þrjár keppnir gæfu stig til Íslandsmeistaratitils á sjókayak. Keppninar voru:

- Reykjavíkurbíkar, um 10 km
- Hallarbíkarinn, um 6 km
- Hálfmararönn, Nauthólsvík-Geldinganes

Stig voru gefin fyrir hverja keppni og skyldu allar þrjár keppnir telja hjá hverjum þátttakanda. Fylgt var sömu keppnisreglum og árið 2013.

Keppnisnefnd ársins 2014 var svo skipuð: Egill Þorsteins, Eymundur Ingimundarson, Bernhard Kristinn Ingimundarson og Guðrún Jónsdóttir

### Reykjavíkurbíkar

Keppni um Reykjavíkurbíkarinn var haldinn á Vorhátíð Kayakklúbbsins þann 10. maí 2014. Alls tóku 17 ræðarar þátt. Róið var réttisælis umhverfis Geldinganesið og þaðan róinn hringur umhverfis bauju í Blikastaðakrónni (hólmi var ekki hringaður). Það voru 10 ræðarar sem tóku þátt í 10 km róðri karla, átta kepptu í flokki ferðabáta og tveir í flokki keppnisbáta. Sigurvegari í flokki keppnisbáta varð Ólafur Einarsson (0:51:23) og setti hann hraðamet. Í flokki ferðabáta sigraði Eymundur Ingimundarson (0:53:20). Í 10 km róðri kvenna voru þrír þátttakendur og sigraði Klara Bjartmarz. Í flokki keppnisbáta kvenna var einn þáttakandi, Inga Dagmar. Þrír keppendur voru í 3 km róðri karla og sigurvegari var Eypór Gunnarsson. Enginn keppandi var í 3 km róðri kvenna.

### Hallarbíkarinn

Félagar í Kayakhöllinni sáu um keppni um Hallarbíkarinn í frábæru veðri þann 7.júní 2014. Róið var frá aðstöðu Kayakhallarinnar inn Nauthólsvík og var hringurinn um 5,5 km á lengd.

Tíu þátttakendur mættu til leiks. Í flokki keppnisbáta hjá körlum kepptu 5 og sigurvegari varð Torben Gregersen (24:39 Kirton K1). Í flokki ferðabáta hjá körlum kepptu 3 og hlutskarpastur varð Eymundur Ingimundarson (28:58, Kirton Inuk). Í flokki ferðabáta hjá konum voru tveir þátttakendur sigurvegari varð Björg Kjartansdóttir (34:41), einni sekúndu á undan Klöru Bjartmarz.

## Hálfmararöð, Nauthólsvík-Geldinganes

Hálfmararöð, milli Nauthólsvíkur og Geldinganes, var haldið í annað sinn þann 30. ágúst 2014. Fimmtán kayakræðarar mættu til keppni, 11 í ferðabátaflokki karla, 2 í keppnisbátaflokki karla og 2 í ferðabátaflokki kvenna.

Þegar lagt var af stað frá Nauthólsvík var logn, heiðskírt og sléttur sjór. Keppendur reru flestir léttklæddir og nokkrir fóru úr þurrgöllum skömmu fyrir ræs og reru í ullarfötum eða á stuttermabol. Ölduspár höfðu gert ráð fyrir 1-2 m öldu við Gróttu og það gekk eftir. Hæg og löng úthafsalda brotnaði nærri landi og þurftu ræðarar að sæta lagi til að fara í gegnum hana. Frá Gróttu var mild gola að marki í Geldinganesi.

Róðrarleiðinni var skipt upp í tvo áfanga :

- Nauthólsvík - Gróttu 8,15 km leggur. Þar var síðan 5 mín skyldustopp áður en haldið var í síðari áfangann,
- Gróttu- Geldinganes, 13,9 km leggur. Alls var hálfmararöð 22,2 km róður.

Aðstæður í keppninni voru hagstæðar fyrir hraðskreiðari báta og fyrstu ræðarar voru allir á hraðskreiðum bátum og notuðu vængárar. Róðrarhraði var mun meiri en í fyrri keppni og flestir keppenda bættu tíma sinn.

Eymundur Ingimundarson sigraði í flokki ferðabáta hjá körlum og setti hraðamet á leiðinni (2:09:36 Rockpool Taran, meðalhraði um 10,2 km/klst). Gunnar Svanberg Skúlason sigraði í flokki keppnisbáta karla (2:18:51). Klara Bjartmarz sigraði í flokki ferðabáta kvenna (2:37:25 Valley Nordcap). Allir keppendur luku keppni.



Hálfmararöð, Nauthólsvík – Geldinganes, ræst í Nauthólsvík.

## Íslandsmeistari í karlaflokki 2014.

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Eymundur Ingimundarson, í öðru sæti varð Ólafur B. Einarsson og Egill Þorsteins varð í þriðja sæti. Meðfylgjandi tafla tilgreinir þá sem tóku þátt í keppnum í karlaflokki og stigagjöf í einstökum keppnum.

Karlaflokkur	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmararöð		Samtals stig
	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Eymundur Ingimundarson	100		100		100		300
Ólafur Einarsson		100		80	80		260
Egill Þorsteins	50		80		50		180
Gunnar Svanberg Skúlason				50		100	150
Sveinn Axel Sveinsson	80				60		140
Bernhard Kristinn Ingimundarson				60		80	140
Örlygur Steinn Sigurjónsson	60				40		100
Torben Gregersen				100			100
Kári Jónsson		80					80
Páll Reynisson	45				26		71
Ágúst Ingi Sigurðsson	36				29		65
Edwin Zanen	40				24		64
Alfreð Hroki			60				60
Höskuldur Tryggvason				45			45
Guðmundur Breiðdal					45		45
Gunnar Ingi Gunnarsson					36		36
Marc					32		32
Jónas Guðbrandsson	32						32

## Íslandsmeistari í kvennaflokki 2014.

Íslandsmeistari í kvennaflokki varð Klara Bjartmarz. Í öðru sæti varð Björg Kjartansdóttir og Inga D. Karlsdóttir varð í þriðja sæti.

Kvennaflokkur	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmararöð		Samtals stig
	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Klara Bjartmarz	100		80		100		280
Björg Kjartansdóttir			100		80		180
Inga Dagmar Karlsdóttir		100					100
Kolbrún Halldórsdóttir	80						80
Helga Haraldsdóttir	60						60



Íslandsmeistari í karlaflokki 2014, Eymundur Ingimundarson.



Íslandsmeistari í kvennaflokki 2014, Klara Bjartmarz.

## **Straumkayakar 2014**

Engar straumkayakkeppir voru haldnar þetta árið, en ferðanefnd óskar eftir ferskum straumöndum til starfa svo að Klúbburinn geti verið öflugri á þessum vettvangi.